LANDSPÍTALI

Endurhæfingardeildir aldraðra

Á endurhæfingardeildum Landakots (K1, L1, K2, L2) fer fram endurhæfing fyrir eldri sjúklinga með það markmið að útskrifast heim.

Endurhæfing

Tilgangur endurhæfingar er að bæta hreyfigetu sjúklinga og færni til að vera sjálfbjarga í daglegu lífi. Hún dregur úr líkum á fylgikvillum hreyfingarleysis sem geta til dæmis verið byltur, vöðvarýrnun, blóðtappar, lungnabólga, þrýstingssár og sýkingar. Endurhæfingaráætlun er gerð fyrir hvern sjúkling með það að markmiði að auka færni hans og sjálfstæði.

Lögð er áhersla á heildrænt og þverfaglegt mat í samvinnu við sjúkling og aðstandendur hans. Í því felst mat á sjúkdómum, líkamlegri og andlegri færni, félagslegum aðstæðum, breytingum sem fylgja hækkandi aldri og lyfjameðferð.

Hlutverk sjúklings í endurhæfingu

Til að þjálfa upp færni eru sjúklingar hvattir til að vera sem mest sjálfbjarga á deildinni, hvattir til að klæðast eigin fötum og borða sitjandi í stól við borð.

Sjúklingar taka þátt í þeirri þjálfun sem er í boði ásamt því að fara í gönguferðir á deildinni og gera æfingar sem þjálfarar þeirra setja þeim fyrir.

Matur er borinn fram í setustofa deildarinnar. Þátttaka í sameiginlegu borðhaldi í dagstofu er liður í endurhæfingu.

Hlutverk aðstandenda

Aðstandendur eru beðnir um að útvega þægileg og hrein föt, stöðuga skó og hjálpartæki að heiman. Æskilegt er að aðstandendur taki virkan þátt í endurhæfingunni með því að bjóða fólkinu sínu að fara fram úr á heimsóknartímum og bjóða í stuttar ferðir út af deildinni, í samráði við starfsmenn deildar.

Heimsóknartími er á eftirfarandi tímum:

- Virka daga klukkan 16:30–19:30
- Helgar og rauða daga klukkan 14:30–19:30

Mikilvægt er að virða heimsóknartíma þar sem heimsóknir utan þess tíma geta truflað skipulagða endurhæfingardagskrá sjúklinga. Deildarstjóri eða vaktstjóri geta veitt undanþágu við sérstakar aðstæður.

> Aðstandendur eru beðnir um að koma ekki í heimsókn ef þeir eða einhver þeim nálægur er með sýkingu í öndunarfærum eða aðra umgangspest.

Fjölskyldufundir

Fjölskyldufundir eru haldnir eftir þörfum. Lögð er áhersla á gott samstarf við aðstandendur og eru þeir beðnir um að hafa samband við hjúkrunarfræðinga á vakt ef þeir vilja ræða meðferð sjúklings, líðan og útskrift.

Útskrift

Undirbúningur útskriftar hefst strax við komu sjúklings á deild og felst meðal annars í því að meta þarfir sjúklings fyrir þjónustu og stuðning eftir að heim er komið. Starfsfólk leiðbeinir við að sækja um og útvega aðstoð eftir því sem við á.

Við útskrift fær sjúklingur yfirfarinn lyfjalista ásamt skriflegum upplýsingum um ástæðu innlagnar, meðferð á deildinni og ráðstafanir sem hafa verið gerðar um áframhaldandi meðferð, stuðning og eftirlit.

Fagleg þjónusta á deildinni

Auk starfsfólks deildar sem annast daglega hjúkrun og umönnun eru eftirfarandi aðilar í þverfaglegu teymi sem kunna að koma að meðferð sjúklings:

- Sérnámsgrunnslæknir eða sérnámslæknir ásamt sérfræðilækni sem meta heilsufar og færni út frá læknisfræðilegum forsendum.
- Sjúkraþjálfari metur líkamsgetu sjúklings, útbýr þjálfunaráætlun og skipuleggur sjúkraþjálfun í samvinnu við íþróttafræðinga og aðstoðarmenn. Einnig þörf fyrir hjálpartæki.
- Iðjuþjálfi sem metur færni, fer í heimilisathugun ef þörf er á, metur aðstæður og kannar þörf fyrir hjálpartæki.
- Félagsráðgjafi sem veitir sjúklingum og aðstandendum þeirra stuðningsviðtöl og upplýsingar um félagsleg réttindi og úrræði.
- Sálfræðingur, talmeinafræðingur, næringarfræðingur og sjúkrahúsprestur koma eftir þörfum eða óskum sjúklinga.

Landspítalappið

Í Landspítalaappinu birtast upplýsingar sem snerta heilsufar og dvöl á spítalanum. Hægt er að sækja smáforritið á Google Play eða App Store. Sjúklingur getur veitt aðstandanda umboð og aðgang að gögnum sínum í appinu. Nánari leiðbeiningar: Landspítalaappið og á island.is

Hægt er að sækja appið með því að skanna kóðann

Hvernig var þjónustan

Þín skoðun skiptir máli. Skannaðu viðeigandi kóða og taktu þátt í örstuttri könnun til að hjálpa okkur að meta hvað gengur vel og hvað má betur fara.

K1 Landakot

L1 Landakot

K2 Landakot

L2 Landakot

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI – MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU FRÆ-1234 ÁBYRGÐARMAÐUR: FORSTÖÐUHJÚKRUNARFRÆÐINGUR - ENDURHÆFINGAÞJÓNUSTU HÖNNUN: GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LANDSPÍTALA